Sunnudaginn 25. maí 1941 var aðalfundur Hestamannafélagsins „Glaður“ haldinn að Nesodda.
Mættir voru 17 félagsmenn.
Fundarmál:
1. Formaður setti fundinn og las upp fundargjörð síðasta aðalfundar og reikning félagsins fyrir árið 1940. Var hann samþ. í einu hljóði.
2. 4 menn sóttu um inntöku í félagið þeir:
Hans Kristjánsson Ketilsstöðum
Björgólfur Einarsson Blönduhlíð
Styrkár Guðjónsson Tungu
og Albert Finnbogason Skörðum
Var samþykkt í einu hljóði að taka þá í félagið.
3. Rætt um hrossasýningastarfsemi félagsins í framtíðinni.

Eftir nokkrar umræður var
samþykkt svo hljóðandi tillaga:
„Fundurinn felur stjórn félagsins
að leita fyrir sér um kaup á
kynbótahesti fyrir félagið er væri
til afnota vorið 1942. Jafnframt
leiti stjórnin fyrir sér um leigu-
land til að girða og geyma hestinn
á."

4. Formaður las upp bréf frá Hestamanna
félaginu Fák þar sem félags-
mönnum er boðið á sameigin-
legan fund hestamannafélaga
að Þingvöllum síðasta sunnudag
í júní n.k. Eftir umræður var
svo feld tillaga samþykkt sam-
hljóða: „Fundurinn telur mjög
nauðsynlegt að sameiginlegur
fundur hestamannafélaga að Þing-
völlum geti farið fram í sumar

en telur hins vegar ástæður
þanda og búalíða þess vera svo
miklum erfiðleikum háðar vegna
skorts á tíma til svo langrar
ferðar sem tæki minnst 5 daga
úr Dalasýslu, að fundurinn telur
óvíst um þátttöku að þessu
sinni.

5. Kosin stjórn félagsins:
Jón Sumarliðason formaður með 14 atkv.
Gísli Þorsteinsson gjaldkeri — 15 —
Flosi Jónsson ritari — 11 —
Til vara:
Ólafur Br. Gunnlaugsson form. með 6 atkv.
Pétur Sveinsson gjaldkeri — 5 —
Pálmi Jónasson ritari — 5 —

6. Samþykkt að halda kappreiðar
sunnudaginn 6. júlí n. k.

7. Kosinn til að sjá um merkja sölu
Jens í Ásgarði og honum til aðstoðar

Ólafur í Vífilsdal, Pálmi í Snóksdal
Ebbi Jens í Hólum, Skjöldur í Tungu
og Magnús á Hrafnabjörgum.
8. Kosnir til að sjá um smerkjasölu
að dansinum Flosi á Harðastöðum
og Þorbjörn á Harrastöðum
9. Kosnir til að sjá um dansinn
Guðmundur á Hóli, Hans á Ketilsst.
Magnús á Hrafnabjörgum og
Oddur á Kolsstöðum.
10. Samþykkt að taka tilboði Gísla
í Geirshlíð að sjá um veitingar
á kappreiðunum gegn 80 króna
gjaldi og kaffi handa 60 manns
ef efni fást til þess.
11. Kosnir í dómnefnd:
Björn Vigfússon Hjarðarholti
Guðm. Theodórsson Stórholti
Jóhannes Benediktsson Saursum.
til vara: Valdimar Ólafsson Nípi
og Geston Jósepsson Hrafnabjörgum

12. Réttir kosinn Guðl. Magnússon Kolstöðum
13. Kosinn til að geyma hestana
Einar Þorsteinsson Bjarmalandi
14. Kosnir til að sjá um viðgerð á skeiðvellinum Friðfinnur Sigurðsson og Ragnar Sigurðsson.
15. Verðlaun á kappreiðunum skulu vera eins og þau voru síðastliðið sumar.
16. Samþykkt ákvörðun aðalfundar 1940 um að fara skemmtiför vestur í Saurbæ ef nóg þátttaka fæst.
17. Kosnir endurskoðendur þeir
Ólafur Br. Gunnlaugsson
og Pálmi Jónasson
Til vara:
Friðfinnur Sigurðsson
og Albert Finnbogason.

Upplesið. Samþykkt. Fundi slitið.

Flosi Jónsson.
(ritari)